

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. miðvikudaginn

5. maí 2021 í Safnahúsinu í Neskaupstað

Ár 2021, miðvikudagur 5. maí kl. 14.00.

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. fyrir árið 2020 haldinn í Safnahúsinu í Neskaupstað. Fundinn sóttu hluthafar fyrir 98,5% hlutafjár.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins
6. Kosin stjórn félagsins
7. Kosnir endurskoðendur
8. Önnur mál, löglega fram borin

Þorsteinn Már Baldvinsson stjórnarformaður setti fundinn og lagði til að Eyvindur Sólnes yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Smári Geirsson yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og lýsti hann lögmætan. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar. Þorsteinn Már Baldvinsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Gat Þorsteinn þess að nú væru nákvæmlega 20 ár frá því að hann var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar en hann hefur lengst af verið

stjórnarformaður félagsins frá árinu 2003. Þá fjallaði hann um reksturinn á árinu 2020 og þau tímamót sem framundan eru þegar félagið verður skráð á markað. Gat hann um áhrif Covid-19 faraldursins á starfsemina og eins fjallaði hann um samfélagsskýrslu fyrirtækisins sem væri til fyrirmyndar.

Sérstaklega vakti Þorsteinn athygli á því að Síldarvinnslan yrði eina fyrirtækið á landsbyggðinni á markaði þegar skráning hefði farið fram

Í lok máls síns upplýsti Þorsteinn að stjórn Síldarvinnslunnar hefði tekið ákvörðun um að öllum fastráðnum starfsmönnum Síldarvinnslunnar yrðu afhent hlutabréf í félaginu og væri það þakklætisvottur fyrir góð störf.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar. Gunnþór B. Ingvason forstjóri fór yfir ársreikning félagsins og fjallaði um rekstur þess með svofelldum hætti:

Fundastjóri, hluthafar og aðrir gestir.

Ég mun nú gera grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2020 og gefa yfirlit yfir rekstur og aðra mikilvæga þætti í starfseminni á árinu. Ég mun fara yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi samstæðunnar.

Ársreikningurinn er endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf. Þar kemur fram það álit þeirra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæðum í lögum um ársreikninga. En samstæðureikningur Síldarvinnslunnar er nú gerður í fyrsta sinn í samræmi við IFRS alþjóðlegu reikningsskilastaðlana.

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Síldarvinnslunnar hf. og dótturfélaga þar sem um er að ræða eignarhluta í félögum yfir 50%. Félögin í samstæðunni eru móðurfélagið Síldarvinnslan hf. og dótturfélögin, Bergur – Huginn ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Runólfur Hallfreðsson hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Seley ehf. og SVN eignafélag ehf.

Rekstur samstæðu: Seldar vörur námu 183,8 milljónum dollara á árinu 2020 og hagnaður af sölu eigna var 0,4 milljónir dollara. Voru því rekstrartekjur samstæðunnar alls 184,2 milljónum dollara. Kostnaðarverð seldra vara nam 77 milljónum dollara, laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður námu 44 milljónum dollara og annar

rekstrarkostnaður 4,2 milljónir dollara. Samtals voru því rekstrargjöld 125,1 milljónir dollara á árinu 2020.

Hagnaður fyrir afskriftir nam 59,1 milljón dollara og afskriftir námu 10,1 milljónum dollara. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 8,2 milljónir dollara og áhrif af rekstri hlutdeildarféлага nam 7,2 milljónum dollara. Hagnaður fyrir skatta nam því 48 milljónum dollara. Tekjuskattur er 8,7 milljónir dollara og hagnaður ársins því 39,3 milljónir dollar

Í árslok 2020 eru eignir samstæðunnar bókfærðar á 570,1 milljónir dollara. Fastafjármunir eru bókfærðir á 416,4 milljónir dollara og veltufjármunir á 153,7 milljónir dollara.

Eigið fé samstæðunnar var 386,2 milljónir USD í árslok 2020. Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar er 4,2 milljónir USD.

Langtímaskuldir eru 33,4 milljónir USD og tekjuskattsskuldbinding er 40 milljónir USD í árslok 2020. Skammtímaskuldir eru 110,5 milljónir dollara. Heildarskuldir og skuldbindingar í árslok 2020 eru þannig 183,9 milljónir dollara og eigið fé og skuldir 570,1 milljón USD.

Hreint veltufé frá rekstri var 49,2 milljónir USD á árinu 2020 og handbært fé frá rekstri 63,1 milljónir USD. Fjárfestingar voru 10,1 milljónir USD og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 13,5 milljónir USD. Handbært fé í ársbyrjun var 48,6 milljónir USD og í árslok 90,1 milljónir USD.

Úthlutaðar aflaheimildir samstæðunnar í bolfiski eru rúm 22 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári sem samsvarar til 20 þúsund þíg tonna. Í uppsjávarfiski eru aflaheimildir samstæðunnar tæplega 114 þúsund tonn sem svarar til rúmlega 13 þúsund þíg tonna. Í heildina eru aflaheimildir samstæðunnar 136 þúsund tonn sem svarar til 33 þúsund þíg tonna.

Móðurfélagið Síldarvinnslan er með 12.070 tonn af bolfiski á síðasta fiskveiðiári og 11.077 þíg í uppsjávarfiski eða alls 23.147 þíg tonn. Bergur-Huginn er með 5.798 þíg tonn og Runólfur Hallfreðsson er með 2.702 þíg tonn. Bergur ehf. sem Bergur-Huginn keypti nú í vetur er síðan með 1.563 þíg tonn. Alls eru þetta því 33.000 þíg tonn sem samstæðan hefur til ráðstöfunar eins og áður var nefnt.

Bolfiskheimildirnar eru um 59% af aflaheimildum samstæðunnar og uppsjávarheimildirnar 41%. Vægi uppsjávarheimilda var mest tæplega 80% af heildinni.

Rekstur Gullvers gekk vel á síðasta ári og var aflaverðmæti skipsins 1.209 milljónir króna og aflinn 5.127 tonn. Uppistaða aflans var þorskur.

Bergur- Huginn gerði út þrjú skip í janúarmánuði áður en Smáey var seld í maí á síðasta ári. Þannig fiskaði Vestmanney 4.308 tonn að verðmæti 1.323 milljónir króna og togarinn Bergey 4.424 tonn að aflaverðmæti 1.356 milljónir króna.

Blængur fiskaði vel á árinu og var aflinn 7.037 tonn að aflaverðmæti 2.345 milljónir króna. Þar af vegur Barentshafstúrin þungt en er hann besti túr sem skip Síldarvinnslunnar hefur farið í. Skipið fiskaði rúmlega 1400 tonn í þeirri veiðiferð að verðmæti yfir 500 milljónir króna.

Samtals öfluðu botnfiskskipin í samstæðunni 20.896 tonn á árinu 2020 að aflaverðmæti 6.230 milljónir króna. Það er því ljóst að veiðin dróst saman á milli ára en verðmætin jukust lítilega.

Veiði bolfiskskipanna var mest í þorski eða um 8.599 tonn, síðan ýsu um 3.550 tonn og um 3.267 tonn af ufsa. Þar sést einnig að Gullver veiðir mest af þorski og Vestmannaeyjatogararnir Vestmanney og Bergey veiða mest af ýsu, auk þess sem Eyjaskipin eru öflug í öðrum tegundum, m.a. löngu og flatfiskategundum.

Næst skal fjallað um afla og aflaverðmæti uppsjávarskipanna. En þess má geta að á síðustu makrílvertíð var veiðisamstarf meðal uppsjávarskipanna. Veiðisamstarfið lýsir sér þannig að skipin hjálpuðust að við veiðarnar á miðunum. Þegar búið var að veiða það magn sem vinnslan þurfti fór eitt skip í land og þannig koll af kolli. Aflaverðmæti var skipt jafnt á milli skipa. Með þessu tókst að hámarka vinnslugetuna og veiðigetuna skipanna. Samstarfið tókst vel og ég tel það vera komið til að vera. Aflinn var að koma ferskari að landi, veiðigetan var nýtt og var hluti aflans landað erlendis. Börkur fiskaði tæp 47 þúsund tonn að aflaverðmæti rúmar 1.981 milljónir króna. Beitir fiskaði tæp 45 þúsund tonn fyrir tæpar 1.930 milljónir króna. Bjarni Ólafsson var með rúm 32 þúsund tonn fyrir um 1.380 milljónir króna.

Samtals öfluðu uppsjávarskip félagsins 124 þúsund tonn á árinu að verðmæti 5.300 milljónir króna.

Hér skal greint frá hvernig aflaverðmæti skiptist á milli einstakra skipa innan félagsins og þróun síðustu ára. Heildaraflaverðmæti skipanna voru 11.500 milljónir króna og aflamagn 144.744 tonn. Á árinu 2019 var heildaraflaverðmætið 10.164 milljónir, og aflamagnið 137.949 þúsund tonn. Aukning á aflamagni er því um 5% á milli ára. En við vorum að sjá 13% aukningu á verðmætum. Helsta skýringin á þessari verðmætaukningu liggur í auknum verðmætum uppsjávarskipanna og veikari krónu.

Vinnsla á fiskimjöli og lýsi hefur dregist saman síðasta áratug. Heildar hráefnismóttaka verksmiðja á Íslandi 2020 var 385 þúsund tonn og hlutur SVN um 124 þúsund tonn. Þannig var hlutur SVN um 32% af heildinni.

Ég hef í nokkur ár minnst á þessa þróun sem við höfum séð síðastliðinn áratug í fiskimjölsaðnaðnum. Við erum ekki að sjá þessi stóru „bræðsluár“ koma sem voru tíð fyrir 20-30 árum. En eins og við vitum hefur hlutur manneldisvinnslunnar aukist og samdráttur hefur átt sér stað í veiðum.

Nýverið var tilkynnt um stækkun á fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað í tæp 2400 tonna afköst á sólarhring. Er þar um tvíþætt verkefni að ræða. Annars vegar að byggja nýja 380 tonna verksmiðju sem keyrð verður samhliða uppsjávarvinnslu fyrirtækisins og hins vegar stækkun þeirrar verksmiðju sem fyrir er. Mun þetta skapa mun hagkvæmari rekstur og eins gefa möguleika á að framleiða verðmeiri afurðir úr mjöli og lýsi í framtíðinni. Eins eru uppsjávarskip félagsins að stækka og er burðargeta þeirra orðin yfir 3000 tonn þegar nýi Börkur kemur í rekstur um sjómannadag.

Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar tóku á móti rúmlega 123 þúsund tonnum af hráefni á árinu 2020, 106 þúsund á Norðfirði og 17 þúsund tonnum á Seyðisfirði. Mest var tekið á móti af kolmunna eða tæplega 90 þúsund tonnum, rúm 19 þúsund tonnum af síld og síldarafskurði og tæpum 14 þús tonn af makrílafskurði.

Framleidd voru 25.681 tonn af mjöli og 6.476 þúsund tonn af lýsi. Samtals voru framleidd rúm 32.337 þúsund tonn af mjöli og lýsi á árinu og verðmætið um 7,6 milljarðar króna.

Fóðurverksmiðjan Laxá hf seldi á árinu 2020 10.720 tonn af fiskafóðri. Framleiðslan dróst saman um 589 tonn á milli áranna.

Verð á mjöli hækkaði mikið í upphafi árs, síðan seinni hluta árs gekk hækkunin til baka. Staðan í mjölinu er sú að kolmunninn hefur misst vottanir og stærstu fóðurframleiðendurnir eru ekki að nota kolmunnamjöl í sínum uppskriftum, en það hefur leitt til mikillar lækkunar á kolmunnamjöli það sem af er ári. Kolmunnamjöl er að fara á 12.700 NOK á sama tíma og loðnumjöl er að fara yfir 16.000 NOK.

Þá skal þróunin á lýsisverðum síðustu árin skoðuð. Voru verð sterk fyrrihluta ársins 2020 vorum við að selja lýsi uppundir 2000 dollara í upphafi árs en það lækkaði þegar leið á árið og var komið niður undir 1600 dollara í lok árs.

Útflutningur á mjöli á síðasta ári var mestur til Bretlands eða 51% og er það mikill aukning á milli ára. Hingað til hefur Noregur ávallt verið stærsta útflutningslandið fyrir mjölafurðir félagsins Noregur var með 41% á síðasta

ári. Oft hefur rúmlega 80% af mjöli farið til Noregs en aukningu til Bretlands má rekja til þess að Mowi byggði nýja fóðurverksmiðju þar í landi sem hefur keypt mjöl beint af okkur. Þá var innanlandsnotkun 8%. Fiskeldi er sem fyrr langstærsti notandi fiskimjöls. Innanlandsnotkun fer nær öll til fóðurverksmiðjunnar Laxár. Útflutningur á lýsi á síðasta ári var mestur til Noregs eða 40%. Þá fóru 20% af útflutningi lýsis til Færeyja og 10% til Bretlands. Innanlands sala var 30%.

Uppsjávarfrystingin tók á móti 48 þúsund tonnum af hráefni á árinu 2020. Mest var tekið á móti síld eða 24 þúsund tonnum og 23 þúsund tonnum af makríl. Síðan var frystur karfi, steinbítur og annar bolfiskur til að fylla í eyður á milli vertíða.

Afurðamagn uppsjávarfisks í fiskiðjuverinu á síðasta ári var 30.061 tonn, þar af makrílafurðir 16.203 þúsund tonn og síldarafurðir 13.858 þúsund tonn. Verðmæti framleiðslunnar var 6.435 milljónir króna. Vinnsla á makríl og síld gekk þokkalega á síðasta ári en flakað vartalsvert meira af makríl en árin áður.

Framleiðsla fiskiðjuversins fór til 20 landa á síðasta ári. Þar af fóru 82% af verðmætum útfluttra afurða 2020 til fimm landa. Helstu markaðslöndin eru Úkraína með 42% og Pólland með 21%. Japansmarkaður sem er okkar mikilvægasti markaður fyrir loðnuafurðir datt nánast alveg út vegna loðnubrests. Helstu markaðslönd fyrir frystar makrílafurðir eru Úkraína, Litháen, Japan og Hvíta Rússland. Mikilvægustu markaðslönd fyrir frystar síldarafurðir eru Úkraína og Pólland. Sjófrystar afurðir fara síðan að stærstum hluta inn á Evrópumarkað.

Í bolfiskvinnslu félagsins á Seyðisfirði var tekið á mót 2.383 tonnum af hráefni á síðasta ári. Framleiddar afurðir voru 1.064 tonn að verðmæti um 1.2 milljarður króna.

Í desember 2020 féllu stórar aurskriður á Seyðisfjörð. Blessunarlega urðu engin slys á fólki, unnið hefur verið að gerð nýs hættumats vegna ofanflóðahættu fyrir Seyðisfjörð. Samkvæmt nýju bráðabirgðahættumati er athafnasvæði Síldarvinnslunnar allt talið á hættusvæði, við bíðum eftir endanlegu hættumat. Í okkar huga er alveg ljóst að starfsemi verður ekki framhaldið á hættusvæðum án varna, það á ekki að setja starfsmenn í þá stöðu að vinna á hættusvæðum.

Frystigeymslan tók á móti 40 þúsund brettum af afurðum á síðasta ári og skipaði út 42 þúsund brettum. Móttakan dregist saman á síðustu árum sem rekja má til loðnubrests og fækkunar frystiskipa.

Hér skal gerð grein fyrir heildarafurðaframleiðslu félagsins sl. 5 ár og þróun verðmæta í íslenskum krónum. Samdráttur var í framleiddu magni en tekjurnar jukust á milli ára. Þessi aukning í tekjum er að mestu skýrð með veikari krónu og þá voru verð á mjöli og lýsi hagstæð. Eins var verð á frystum síldarafurðum hærra á árinu 2020 en árinu 2019.

Nú hefur samfélagsskýrsla fyrir árið 2020 verið gefin út, en þetta er í annað skiptið sem við setjum fram slíka skýrslu. Við fórum í gegnum töluverða vinnu við 2019 skýrsluna. Hún sýndi okkur að við vorum á röngum stað þegar kom að flokkunar- og sorpmálum. Úr því var bætt og erum við að sjá mikinn árangur í þeim málaflokki eftir að hafa skipt um samstarfsaðila.

Það var jákvætt skref stigið í með samþykkt samfélagsstefnu SFS (Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi), og sýndi það sig vel að greinin er vel meðvituð og tilbúin til að gera betur í þessum málaflokki. Það er mikilvægt að slík samstaða náist því mikilvægt er að allir rói í sömu átt þegar kemur að umhverfis-, útblásturs- og samfélagsmálum.

Við getum verið stolt af framlagi okkar til samfélagsins á síðasta ári. Samfélagssporið okkar var 4,8 milljarðar sem fóru af 25 milljarða verðmætasköpun félagsins í formi beinna og óbeinna skatta beint til hins opinbera.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda er mikill ennþá við fiskveiðar. Við erum að fjárfesta í stærri og hagkvæmari skipum þar sem við ætlum að nota minni olíu per veitt kg. Við erum ekki með annan orkumiðil í augsýn fyrir fiskiskipaflotann. Því erum við að smíða hagkvæmari skip til að lágmarka olíunotkun við veiðarnar. Með nýja Berki erum við að auka burðargetu, þegar siglt er langt eftir aflanum. Það kostar minni olíu að sigla með 3000 tonn en 1500 tonn. Þar erum við með skrokklag sem kom mjög vel út í útreikningi. Tvær aðalvélar sem munu spara olíu, það dugir að keyra skipið sem mest á einni vel. Systurskipið Vilhelm er kominn í rekstur og fyrstu vísbendingar eru um að það sé hægt að keyra skipið á hagkvæman hátt. Óvísindaleg könnun sem ég gerði um daginn: Þá var Vilhelm á landleið með 3000 tonn á 14 mílum á annarri vélinni með 42 lítra á mílu, á sama tíma var

Beitir á landleið með sama afla á 13,5 mílum með um 60 lítra á míluna. Það skal tekið fram að sjólag var ekki það sama.

Heildarkolefnisspor Síldarvinnslunnar á síðasta ári var 46.271 tonn af kolefnisígildum og jókst það lítilega á milli ára.

Annað áhugavert verkefni sem við erum að taka í notkun er landtenging skipa við uppsjávarfrystihúsið hjá okkur. Það er verið að koma upp 500 kw landtengingu, þannig að skip þurfa ekki að keyra ljósavélar til að kæla afla við bryggju eða dæla í land. Við áætlum að við getum sparað allt að 300 þúsund lítra á ári af olíu.

Auk þess höfum við átt fundi með skógarbændum og skoðað möguleika á því að fara í kolefnisjöfnun á okkar starfsemi.

Ekki voru miklar breytingar í starfsmannahaldi hjá okkur og er starfsmannavelta lítil. Hjá Samstæðunni starfa 350 manns, sem eru ívið færri stöðugildi en áður.

Við erum að sjá fram á kynslóðaskipti. Stjórnendur og starfsfólk sem hefur verið í lykilstöðum hjá okkur er að hætta og er nýtt fólk að koma í staðinn. Við þökkum þeim sem eru að hætta fyrir samstarfið og þeirra framlag til félagsins um leið og við bjóðum nýtt fólk velkomið til starfa.

Eyjarnar byrjuðu í fullum rekstri á árinu, þar voru smábrekkur í upphafi, við erum búnir að leggja að baki þær bröttustu og gengur vel með skipin í dag. Við seldum gömlu Vestmannaey á árinu. Ég þakka áhöfnum þeirra fyrir þolinmæði og dugnað í þessu verkefni.

Smíðin á nýja Berki gengur vel, þar njótum við þess að vera skip númer 2 á eftir Vilhelm, en við vonumst til að fá skipið í maí og getað tekið myndarlega á móti honum á sjómannadaginn.

Togaramálin okkar eru enn á blaði þó hægt hafi gengið skrefin áfram þar, erum samt að fara yfir ákveðin mál með aðilum, en það eru fleiri fyrirtæki áhugasöm um nýsmíðar, þar er ég að vonast til að geta farið í raðsmíðaverkefni í samstarfi við aðra.

Framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í Neskaupstað eru hafnar, en þar er verið að auka afkastagetu uppí 2400 tonn. Er verkefnið tvískipt: Bygging 380 tonna verksmiðju sem keyrð verður eingöngu þegar frystihúsið er í gangi, í seinni áfanga verður eldri verksmiðja endurnýjuð og stækkuð.

Ennfremur er að hefjast vinna við að stækka löndunarhús í Neskaupstað og þrefalda hrognafköst. Er þetta framkvæmd upp á 500 milljónir. Vonumst við til að geta tekið þetta í notkun fyrir næstu vertíð.

Stærsta fjárfesting ársins voru kaup Bergs-Hugins á Bergi ehf. í Vestmannaeyjum. Kaup þessi styrkja aflaheimildir okkar í bolfiski og styrkja þannig undirstöður okkar í Eyjum. Um er að ræða 1500 þorskígildi.

Síldarvinnslan hefur keypt um 80% af öllum bolfiskheimildum samstæðunnar og 65% af uppsjárheimildunum.

Það sem er framundan:

Við fengum loðnukvóta eftir tveggja ára hlé. Ekki var kvótinn mikill en vel tókst að vinna verðmæti úr honum. Mikil eftirvænting var í markaðnum og voru verð í sögulegu hámarki. Þannig að þrátt fyrir að eingöngu hafi verið um kvóta upp á 70 þúsund tonn að ræða náðist að spila vel úr honum.

Í janúar ákvað stjórn félagsins að fara í skoðun á því að skrá félagið í kauphöllina. Rætt var við umsjónaraðila með slíku ferli. Ljóst var að annað hvort yrði horft á vor 2021 eða vor 2022, fannst mönnum bratt að ætla ná því fyrir vor 2021. En með samstilltu átaki allra sem að ferlinu hafa komið, þar með fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans sem er með umsjón með ferlinu, er að nást að koma þessu máli í gegn. Endurskoðendur okkar þurftu að koma reikniskilum yfir í IFRS og aðlaga 2019. Starfsmenn félagsins lögðu á sig gríðarlega vinnu við uppgjör og gangaöflun.

Stefnt er að því að félagið fari í útboð 10-12 maí nk. og í framhaldi af því eða 27. maí verði það skráð í Kauphöll Íslands ef allt gengur að óskum.

Með þessu er verið að opna félagið fyrir almenningi og fjárfestum, það er ljóst að margar áskoranir fylgja þessu fyrir starfsmenn félagsins, en að sama skapi eru fólgin í þessu töluverð tækifæri fyrir félagið til lengri tíma. Upplýsingagjöf mun aukast frá félaginu og starfsemi þess verður opnari sem við trúum að sé jákvætt skref fyrir Síldarvinnsluna og jafnframt íslenskan sjávarútveg.

Ástand okkar helstu fiskistofna er gott og við getum verið bjartsýn með það hér innan lögsögu. En vissulega hvílir skuggi yfir ástandi mála varðandi deilistofnana makríl, síld og kolmunna, þar erum við að missa vottanir þar sem veitt er umfram ráðgjöf.

Árið er búið að vera okkur öllum erfitt og skrítíð, Covid kom á fyrri hluta árs og hefur breytt öllu okkar lífi. Við þurftum að breyta veiðimynstri, setja ýmsar skorður á starfsmenn á okkar vinnustöðvum. En getum samt ekki verið annað en stolt af þeim samtakamætti sem starfsmenn okkar hafa sýnt í að halda þessu frá okkur. Við fórum í gegnum makríl-, síldar-, og loðnuvertíð í vetur, skip hafa haldist á sjó, þannig að við getum ekki kvartað. Vissulega voru brekkur á sumum mörkuðum fyrir okkar afurðir, en heilt yfir tel ég að hafi spilast vel úr málum, þannig gekk vel að selja makríl og síld frá síðustu vertíðum.

Það er hlutverk okkar sem stýrum Síldarvinnslunni að vera tilbúin að aðlaga reksturinn að þessum sveiflum og því umhverfi sem okkur er búið hverju sinni.

Ég ákvað að minnast ekki á pólitík. Vissulega eru ýmsar upphrópanir nú í aðdraganda kosninga, en ég kýs að trúa því að skynsemin ráði að lokum og að áfram verði rekinn sjávarútvegur í landinu.

Gunnþór lauk máli sínu með því að færa starfsfólki Síldarvinnslunnar til sjós og lands bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Þá þakkaði hann stjórnarmönnum samstarfið á árinu.

Þá var endurskoðaður ársreikningur borinn undir atkvæði og var hann samþykktur einróma.

3. Tillaga um greiðslu arðs. Fram kom svofelld tillaga: Stjórn Síldarvinnslunnar hf. gerir það að tillögu sinni fyrir aðalfund haldinn 5. maí 2021, að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og að ekki verði greiddur arður af afkomu ársins 2020.

Tillagan var samþykkt einróma.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins. Lagt var til að starfskjarastefnan sé samþykkt í óbreyttri mynd.

Tillagan var samþykkt einróma.

5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins. Lagt var til að stjórnarlaun taki mið af breytingu á launavísitölu ársins 2020 og verði 210 þúsund krónur á mánuði og formaður tvöfalda þá upphæð. Varamenn fái 50% af þeirri upphæð.

Tillagan var samþykkt einróma.

6. Kosin stjórn félagsins. Eftirfarandi tillaga um stjórn kom fram:

Aðalmenn: Anna Guðmundsdóttir

Björk Þórarinsdóttir

Guðmundur Rafnkell Gíslason

Ingi Jóhann Guðmundsson

Þorsteinn Már Baldvinsson

Varamenn: Arna Bryndís Baldvins McClure

Halldór Jónasson

Fundurinn samþykkti tillöguna einróma.

7. Kosnir endurskoðendur félagsins. Eftirfarandi tillaga var kynnt:

PricewaterhouseCoopers

Vignir Rafn Gíslason

Rúnar Bjarnason

Tillagan samþykkt einróma.

8. Önnur mál, löglega fram borin. Fram kom eftirfarandi tillaga frá stjórn:

Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu.

Heimild þessi stendur í 24 mánuði og tamarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Við samþykkt tillögu falla eldri tillögur úr gildi.

Tillagan var samþykkt einróma.

Þá kom einnig fram eftirfarandi tillaga frá stjórn: Stjórn leggur til að boðað verði til hluthafafundar í félaginu fyrir lok júnímánaðar þar sem kosin verði ný stjórn í kjölfar töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ.

Tillagan var samþykkt einróma.

Að lokinni dagskrá óskaði fundarstjóri heimildar fyrir því að hann og fundarritari gangi frá fundargerð síðar. Var það samþykkt.

Þá þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund og sleit honum síðan.

Fundi var slitið kl. 15.20.

Að loknum fundi var boðið upp á veitingar.

Eyvindur Sólnes
fundarstjóri

Smári Geirsson
fundarritari